

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.664.
Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.352.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 30. nóvember 2011 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000, öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum. Gjaldskrá nr. 294/2011 fellur úr gildi á sama tíma.

Hvammstanga, 17. febrúar 2012.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. febrúar 2012